



Brot af útgáfum ársins 2011.



Ársskýrsla 2011

Námsgagnastofnun

Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	3
<i>Námsefnisgerð</i>	4
<i>Útgáfur ársins 2011</i>	6
<i>Þjónustu- og viðhorfskönnun 2011</i>	9
<i>Í dagsins önn 2011</i>	10
<i>Kynningarstarf</i>	12
<i>Erlent samstarf</i>	14
<i>Starfsmannahald</i>	15
<i>Ársreikningur fyrir árið 2011</i>	16

Ársskýrsla 2011

Kápu mynd: Glitský á himni yfir Vatnsendahvarfi.
Námshagnastofnun
Kópavogi 2012
Umsjón: Tryggvi Jakobsson
Prentvinnsla: Litróf



Formáli

Jafnréttisstofa ákvað snemma árs að láta gera úttekt á námsefni stofnunarinnar í samfélagsfræði og íslensku. Kristín Linda Jónsdóttir var ráðin til verksins og heimsótti hún stofnunina og fékk heim með sér mikið magn af náms-efni í þessum greinum fyrir yngsta stig og miðstig. Þegar til kastanna kom snerist rannsókn Kristínar þó aðeins um námsefni í sögu fyrir miðstig. Kristín skilaði skýrslu um verkið í ágúst og í henni er harðlega gagnrýnt að ekki sé nægjanleg umfjöllun um konur í námsefninu. Á þetta sér-staklega við um efni sem fjallar um Íslandssöguna frá land-námi til tuttugustu aldar. Ekki er í skýrslunni bent á mörg dæmi um konur sem hefði verið eðlilegt að fjalla um en Námsgagnastofnun hefur leitað annarra leiða til að bæta um betur í söguefninu. M.a. hefur Kristín Ástgeirsdóttir, jafnréttisstýra, veitt góða leiðsögn í því máli og unnið er að endurskoðun á námsefni í Íslandssögu þó seint verði hægt að jafna umfjöllun um kynin í sögu fyrri alda. Þessar ábendingar Jafnréttisstofu hafa einnig vakið almennar umræður um jafnréttissjónarmið við námsefnisgerð og verður væntanlega enn betur vakað yfir þeim þætti hér eftir. Áhersla á jafnréttissjónarmið er þó ekki ný af nálinni því ákvæði um að jafnréttis skuli gætt við alla námsefnisgerð hafa verið í Gátlista stofnunarinnar í 25 ár.

Starfstíma stjórnar Námsgagnastofnunar, sem skipuð var árið 2007, lauk þann 27. júní 2011. Það hefur verið nokkuð breytilegt hverjir sátu í stjórninni en lengst af sátu eftirtaldir:

Björg Pétursdóttir, án tilnefningar, formaður

Gunnar Gíslason, varaformaður,

tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Elín Thorarensen

tilnefnd af Heimili og skóla

Reynir Daniel Gunnarsson

tilnefndur af Kennarasambandi Íslands

Sesselja G. Sigurðardóttir

tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Stjórninni er hér með þakkað fyrir gott starf í þágu Námsgagnastofnunar.

Ný stjórn var skipuð þann 11. janúar 2012 og er hún boðin velkomin til starfa. Í stjórn sitja nú eftirtaldir:

Berglind Rós Magnúsdóttir,

án tilnefningar, formaður

Gunnar Gíslason, varaformaður

tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Lars J. Imsland,

tilnefndur af Kennarasambandi Íslands

Kristjana Hrafnadóttir,

tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Hrefna Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Heimili og skóla



Ingibjörg Ástgeirsdóttir.

Í lok árs 2011 var ákveðið að Námsgagnastofnun tæki þátt í tveimur tilraunaverkefnum þar sem unnið er með lesbretti og spjaldtölvur í skólum. Annars vegar er um að ræða tilraun sem Skólavefurinn stendur fyrir með tveimur hópum nemenda í 9. bekk í Vogaskóla. Þar eru notuð lesbretti með námsefni frá Skólavefnum og Námsgagnastofnun. Dr. Ingvar Sigurgeirsson mun fylgjast með verkefninu og meta það í skýrslu sem hann skilar vorið 2012.

Hitt verkefnið er unnið að frumkvæði kennara í Norðlingaskóla þar sem nemendur í 9. bekk fá spjaldtölvur (iPad) til afnota. Námsefnið á tölvurnar kemur frá kennurum skólans og Námsgagnastofnun. Sérstakur stýrihópur, með fulltrúum frá Norðlingaskóla, Námsgagnastofnun, Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur og Menntavísindasviði HÍ, heldur utan um verkefnið en það verður metið af fulltrúum Menntavísindasviðs HÍ sem skilar áfangaskýrslu vorið 2012 og lokaskýrslu að vori 2013. Markmið stofnunarinnar með þátttöku í þessum verkefnum er að læra meira um hvernig námsefni þarf að vera úr garði gert til að það henti sem best til notkunar á spjaldtölvum og lesbrettum, en notkun slíkra tækja fer nú ört vaxandi í skólum.

Á árinu 2011 gaf Námsgagnastofnun út 143 frumútgáfur af prentuðu efni, vefefni, forritum, hlustunarefni og fræðslumyndum. Að þessum verkum unnu 157 höfundar texta og myndefnis, þýðendur, lesarar og forritarar.

Ingibjörg Ástgeirsdóttir



Námsefnisgerð



Höfundar dönskunámsefnisins Start og Smart, þær Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen, á vettvangi ásamt Grímkei Sigurþórssyni, tókumanni við gerð stuttra myndbandsþátta sem tengjast efninu.

Á námsefnis- og framleiðslusviði Námsgagnastofnunar störfuðu í árslok samtals sextán manns. Auk útgáfustjóra voru það níu ritstjórar, framleiðslustjóri, prentsmiður, kynningarstjóri, hönnuður, fulltrúi og tölvunarfræðingur. Að auki var ráðinn starfsmaður í umbrot til afleysinga yfir sumartímann.

Meginverkefni sviðsins voru sem fyrr undirbúningur og áætlanagerð vegna nýrra viðfangsefna á vettvangi námsefnisgerðar, ritstjórn þeirra verka, hönnun, umbrot og umsjón með endurskoðun eldra efnis. Útgáfuformið er með ýmsu móti: Nemendabækur, verkefnabækur og vinnuhefti á prentuðu formi, kennsluleiðbeiningar og verkefni á pdf-formi, hljóðefni, fræðslumyndir, kennsluforrit og loks gagnvirk efni og námsvefir sem allt er gefið út á vef stofnunarinnar, www.nams.is.

Þau tímamót urðu á miðju ári að Bogi Indriðason framleiðslustjóri, sem starfað hafði í hlutastarfi um hríð, lét af störfum eftir áratuga langa þjónustu við stofnunina. Við starfi hans tók Margrét Friðriksdóttir sem vann áður við umbrot. Um leið og Boga eru þökkuð gæfurík störf er Margrét boðin velkomin til starfa á nýjum vettvangi.

Útgáfan

Til verkefna námsefnis- og framleiðslusviðs var varið samtals rúmum 204 milljónum króna á árinu 2011. Í vinnu höfunda og myndgerðarfólks fóru nærri 60 milljónir króna. Rúmlega 29 milljónum króna var varið í gerð og útgáfu rafræns námsefnis og fræðslumynda og rúmlega 102 milljónum í prentun og aðra framleiðslu. Nærri 13 milljónir fóru í ýmsa kostnaðarliði þar fyrir utan.

Á árinu komu út alls 244 titlar. Þar af voru 143 frumútgáfur, 18 endurútgáfur og 83 endurprentanir. Af frumútgáfum var 61 titill prentað mál, fjórir titlar fræðslumyndir, níu titlar hljóðbækur og hljóðefni. Nýir gagnvirkir námsvefir voru sjö og aðrir sjö voru uppfærðir. 30 titlar til útprentunar á pdf-formi komu út, að mestu kennsluleiðbeiningar og verkefni, og 23 titlar voru vistaðir á læstu svæði kennara. Samtals komu út á árinu rúmlega 614 þúsund eintök. Hér fer á eftir yfirlit yfir það helsta sem kom nýtt út á árinu 2011 í einstökum námsgreinum.

Íslenska

Til nýrra verkefna í íslensku var varið um 18 milljónum króna á árinu. Á yngsta stigi kom út *Kennarahandbók fyrir 3. og 4. bekk* sem er vistuð á veftorginu *Íslenska*

á yngsta stigi. Þá var gefin út *Stafaaskjan* með öllum íslensku bókstöfunum til lestrarkennslu byrjenda og *Lestrarlandið*, nýtt lestrarkennsluefni fyrir byrjendur. Íslenski mállhljóðakassinn er efni sem hægt er að nota með nemendum á öllum aldri til framburðarkennslu, þjálfunar í hlustun og eflingar orðaforða. Þá er að geta þess að á árinu kom út nýtt skriftarkennsluefni, *Ítalíuskript*, fjögur verkefnahefti og kennsluleiðbeiningar. Fyrirhugað er framhald þeirrar útgáfu á árinu 2012.

Á mið- og unglíngastigi má geta þess að áfram var haldið útgáfu léttra endursagna á nokkrum meistaraverkum heimsbókmenntanna með bókunum *Drakúla*, *Rómeó* og *Júliá* og *Baskervillehundurinn*. Þá kom einnig út fyrsta bókin í nýju bókmenntaúrvali fyrir unglíngastig, „*Mér er í mun...*“ og endurskoðuð útgáfa á *Bragfræði*. *Hugfinnur* er handbók um bókmenntahugtök sem út kom á árinu, ásamt bókinni *Beinagrindur*, handbók um ritun.

Lífsleikni

Í lífsleikni komu út vinnubókin *Auraráð* sem ætluð er til fjármálafræðslu og *Stefnan sett*, nemendamappa um náms- og starfsval, ásamt samnefndu vefefni. Til nýrra verkefna í lífsleikni var varið tæpum 5 milljónum króna á árinu.

Náttúrufræði

Í náttúrufræði voru bókfærðar tæpar 12 milljónir króna til nýrra verka. Haldið var áfram útgáfu bóka í nýjum flokki fyrir unglíngastig er nefnist *Litróf náttúrunnar*. Á árinu komu út bækurnar *Maður* og *náttúra* og *Mannslíkaminn*. Áður var komin bókin *Lífheimurinn* og unnið er að nýju efni í eðlisfræði.

Samfélagsgreinar

Samfélagsgreinar tóku til sín rúmar 12 milljónir króna á árinu sem leið. Út voru gefnar tvær bækur um mannkynssögu 20. aldar, *Styrjaldir* og *kreppa* og *Frelsi* og *velferð*. Þá kom út lokahefti nýrrar Íslandssögu, *Sögueyjan 3. hefti* sem sömuleiðis tekur til sögu 20. aldar, fram á okkar daga. Þá var í tilefni af 200 ára afmælisári Jóns Sigurðssonar gefið út hefti með margvíslegum kennsluhugmyndum um hann.

Stærðfræði

Bókfærðar voru tæpar 23 milljónir króna til nýrra verka í stærðfræði árið 2011. Meðal þess helsta sem kom út má nefna að áfram var haldið útgáfu á stærðfræðiefninu *Sprota*. Út komu á árinu *Sproti 4a* og *Sproti 4b*, ásamt kennarabókum, verkefna- og æfingaheftum og fleiru. Jafnframt var hafist handa við endurskoðun *Sprotaefnisins* frá byrjun og komu út nýjar útgáfur



Í *Gerðubergi* er árlega efnt til sýningar og samkeppni um bestu myndskreytingarnar í barnabókum, þar sem keppt er um *Dimmalimm-verðlaunin*. Að þessu sinni voru verk Lindu D. Ólafsdóttur úr námsefninu *Lestrarlandið* á sýningunni frá *Námshugmyndastofnun*.

af *Sprota 1b* og *Sprota 2a*, en áður hafði *Sproti 1a* litið dagsins ljós. Framhald *Sprotaefnisins* á miðstigi, sem nefnist *Stika*, hóf göngu sína með útgáfu á *Stiku 1a* og *Stiku 1b*, ásamt kennarabókum, verkefna- og æfingaheftum. Þá var á árinu haldið áfram að endurskoða miðstigsefnið *Geisla* og komu út nýjar og endurskoðaðar útgáfur af *Geisla 2A* og *Geisla 2B*, ásamt lausnum. Það er því mikið undir í endurnýjun stærðfræðináms-efnis um þessar mundir.

Tungumál

Til nýrra verka á sviði tungumála var varið rúmlega 23 milljónum króna á árinu, auk innkaupa á enskukennsluefni frá Oxford University Press. Meðal helstu titla í dönsku má nefna að út var gefið nýtt byrjendaefni, *Start* og *Smart*, ásamt hlustunaræfingum, kennsluleiðbeiningum og verkefnabókum. Í ensku kom út nýtt grunnefni, ætlað efri hluta miðstigs, sem nefnist *Action*, ásamt vinnubókum, hlustunaræfingum og kennsluleiðbeiningum. Þá var hafist handa við útgáfu á nýjum bókaflokki fyrir unglíngastig sem nefnist *Spotlight*. Út kom efni fyrir 8. bekk, nemendabók ásamt hlustunarefni, vinnubók og kennsluleiðbeiningum. Stefnt er að því að ljúka útgáfu bókaflöksins á árinu 2012.

Upplýsinga- og tæknimennt

Tæplega 5 milljónum króna var varið til nýrra verka í upplýsinga- og tæknimennt. Gefin voru út *Veggspjöld fyrir tölvustofu*, alls fimm spjöld með ýmsum hagnýtum upplýsingum og vefforritið *Fingrafimi 2*, sem kennir fingrasetningu á lykllaborði. *Heimur* er handbók um heimildaritun, en *Rafmagn* er bók sem í raun heyrir undir Hönnun og smíði og er ætluð efstu bekkjum grunnskólans.

Útgáfur ársins 2011

Frumútgáfur

Prentað efni

Handbækur

Beinagrindur – Handbók um ritun
Heimir – Handbók um heimildaritun
Hugfinnur – Handbók um bókmenntahugtök
Íslenska í 3. og 4. bekk – Handbók kennara
Samtals 4 titlar

Kennaraefni

Mannslíkaminn – Kennsluleiðbeiningar
Spotlight 8 – Kennsluleiðbeiningar
Sproti 1a – Kennarabók
Sproti 1b – Kennarabók
Sproti 2a – Kennarabók
Sproti 4b – Kennarabók
Stika 1a – Kennarabók
Stika 1b – Kennarabók
Samtals 8 titlar

Nemendaefni

Action – Textbook
Action – Workbook A
Action – Workbook B
Baskervillehundurinn
Bragfræði
Drakúla
Frelsi og velferð – Saga 20. aldar II
Gegnum holt og hæðir
Geisli 2A – Grunnbók
Geisli 2A – Vinnubók
Geisli 2B – Grunnbók
Geisli 2B – Vinnubók
Íslenski máhljóðakassinn
Ítaliuskript 1A
Ítaliuskript 1B
Ítaliuskript 2A
Ítaliuskript 2B
Láki Máni og letikeppurinn – Smábók
Lestrarlandið – Lestrarbók
Lestrarlandið – Sögubók
Lestrarlandið – Vinnubók 1
Maður og náttúra – Litróf náttúrunnar
Mannslíkaminn – Litróf náttúrunnar
„Mér er í mun ...“ Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla
Númi stendur í ströngu – Smábók
Rafmagn
Rómeó og Júlía
Smart – Nemendabók
Smart – Vinnubók
Spotlight 8 – Textbook

Spotlight 8 – Vinnubók
Sproti 1a – Nemendabók
Sproti 1a – Æfingahefti
Sproti 1b – Nemendabók
Sproti 1b – Æfingahefti
Sproti 4b – Nemendabók
Sproti 4b – Æfingahefti
Stafaaskjan
Start – Nemendabók
Start – Vinnubók
Stefnan sett! – Um náms- og starfsval
Stika 1a – Nemendabók
Stika 1a – Æfingahefti
Stika 1b – Nemendabók
Stika 1b – Æfingahefti
Styrjaldir og kreppa – Saga 20. aldar I
Svaðilför í Berjamó – Auðlesin sögubók
Sögueyjan 3. hefti 1900–2010
Veggspjöld fyrir tölvustofu – 5 spjöld
Samtals 49 titlar
Prentað efni samtals 61 titill

Vefefni

Fræðslumyndir

Viðfangsefni vísindanna – Líffærakerfi mannsins
Viðfangsefni vísindanna – Meiósa
Viðfangsefni vísindanna – Meltingarfæri mannsins
Viðfangsefni vísindanna – Mítósa
Samtals 4 titlar

Hljóðefni

Action – Hlustunaræfingar
Drakúla – Hljóðbók
Gegnum holt og hæðir – Hljóðbók
Lestrarlandið – Hljóðbók
Mannslíkaminn – Hljóðbók
Smart – Hljóðbók
Start – Hljóðbók
Start/Smart – Hlustunaræfingar
Sögueyjan 3/hljóðbók
Samtals 9 titlar

Gagnvirk efni/námsvefir

Fingrafimi 2
Fingraleikir
Lestrarlandið – Vefur
Lesum og skoðum orð í Lestrarlandinu
Samhljóðar í himingeimnum – Vefur
Stefnan sett! – Um náms- og starfsval, vefur
Upplýsingatækni fyrir yngsta stig
Samtals 7 titlar



Uppfærðir vefir

Á ferð um samfélagið
Gagnvirkar spurningar – Litróf náttúrunnar
Komdu og skoðaðu – Síútgáfa
Landafræði tónlistarinnar – Síútgáfa
Plöntuvefurinn
Textílmenn – Síútgáfa
Upplýsingatækni 5.–7. bekkur
Samtals 7 titlar

Pdf-skjöl

Kennsluleiðbeiningar og lausnir
Action – Kennsluleiðbeiningar
Bragfræði – Kennsluleiðbeiningar
Geisli 1A – Kennsluleiðbeiningar
Geisli 1B – Lausnir
Geisli 2A – Lausnir við grunnbók
Geisli 2B – Lausnir við grunnbók
Hjólum og njótum – Kennsluleiðbeiningar
Ítalíuskript – Kennsluleiðbeiningar
Jón Sigurðsson – Kennsluhugmyndir
Mannlíkaminn – Kennsluleiðbeiningar
Náttúrustigur í fjörunni – Kennsluleiðbeiningar
Náttúrustigur í fjörunni – Nemendahefti
Rauðkápa – Kennsluleiðbeiningar
Smart – Kennsluleiðbeiningar
Start – Kennsluleiðbeiningar
Stika 1a – Lausnir við nemendabók
Stika 1a – Lausnir við æfingahefti
Stika 1b – Lausnir við nemendabók
Vinir í nýju landi – Kennsluleiðbeiningar
Samtals 19 titlar

Verkefni til útprintunar

Dagur íslenskrar náttúru – Safnvefur
Dejlige Danmark – Hlustunaræfingar, pdf
Gegnum holt og hæðir – Ítarefni
Hljóðspor – Verkefnabanki
Mannlíkaminn – Verkefni

Náttúrustigur í fjörunni – Verkefni
Nýsköpunarmennt – Æfingar
Rauðkápa – Verkefni
Skilningsbókin
Sproti 1a – Verkefni
Sproti 4b – Verkefni
Samtals 11 titlar

Pdf-útgáfur á læstu svæði kennara

Action – Lausnir við vinnubók
Jólaþrautir 2011 – Lausnir
Maðurinn, hugur og heilsa – Lausnir við vinnubók
Mannlíkaminn – Prófabanki
New Matrix Intermediate Workbook – Prófabanki
New Matrix Pre-Intermediate – Prófabanki
Skilningsbókin – Lausnir
Smart – Lausnir við vinnubók
Spotlight 8 – Lausnir við vinnubók
Sproti 2 – Miðsvetrar- og vorpróf
Sproti 2 – Próf, leiðbeiningar og lausnir
Sproti 2 – Próf, leiðbeiningar um eftirfylgni
Sproti 3 – Miðsvetrar- og vorpróf
Sproti 3 – Próf, leiðbeiningar og lausnir
Sproti 3 – Próf, leiðbeiningar um eftirfylgni
Sproti 4 – Miðsvetrarpróf og vorpróf
Sproti 4 – Próf, leiðbeiningar og lausnir
Sproti 4 – Próf, leiðbeiningar um eftirfylgni
Start – Lausnir við vinnubók
Stika 1 – Miðsvetrarpróf
Stika1 – Próflausnir
Stika1 – Tölfræði niðurstöður
Stika1 – Vorpróf
Samtals 23 titlar
Vefefni samtals 80 titlar

Hljóðdiskar

Start/Smart – Hlustunaræfingar ásamt tónlist
Spotlight 8 – Hlustunarefni
Samtals 2 titlar

Alls hafa 85 höfundar komið að því að semja þetta efni. Þar af eru átján erlendir. Þýðendur sem störfuðu fyrir Námsgagnastofnun á árinu voru alls ellefu talsins. Samtals vann 31 myndlistarmaður á vegum stofnunarinnar og fjórir ljósmyndarar, auk þess sem myndefni var fengið úr myndabönkum. Lesarar voru 24 talsins og forritarar tveir. Prentsmiðjur sem prentuðu efni fyrir Námsgagnastofnun voru samtals ellefu og hljóðupptökuver tvö talsins.



Annað efni

Aðkeypt efni

Matrix Foundation Student's book
Matrix Foundation Workbook
New Matrix Intermediate
New Matrix Pre-Intermediate Student's Book
New Matrix Pre-Intermediate Workbook
Samtals 5 titlar

Endurútgáfur

Auraráð – Vinnuhefti um fjármál
Ekko – Vinnubók B
Geisli 1A – Nemendabók
Gott og gagnlegt 2 – Vinnubók

Gott og gagnlegt 3 – Vinnubók
Holt og gott 2 – Vinnubók
Kynlíf – Um stráka og stelpur
Kynlíf – Um stelpur og stráka
Sproti 1a - Kennarabók
Sproti 1a – Nemendabók
Sproti 1a – Æfingahefti
Sproti 2a – Kennarabók
Sproti 2a – Nemendabók
Sproti 2a – Æfingahefti
Sproti 2b – Nemendabók
Sproti 2b – Æfingahefti
Tænk – Vinnubók B
Þjóðfélagsfræði
Samtals 18 titlar

Samantekt

Frumútgáfur

Prentað mál	61 titill	267.466 eint.
Vefefni	80 titlar	
Hljóðdiskar	2 titlar	800 eint.
ALLS	143 titlar	268.266 eint.

Endurútgáfur

Prentað mál	18 titlar	77.925 eint.
-------------	-----------	--------------

Endurprentanir

Prentað mál	76 titlar	254.815 eint.
Aðkeypt efni	5 titlar	13.050 eint.
Hljóðdiskar	2 titlar	35 eint.
ALLS	83 titlar	267.900 eint.

SAMTALS

244 titlar **614.091 eint.**

Úthlutun námsgagna

Úttektarheimild	289.996.000 kr.
Úttekt á árinu	276.003.791 kr.
Eintakafjöldi	539.496 eint.
Meðalverð á eintak	512 kr.

Auk þessa voru afgreidd 26.160 eintök utan kvóta.



Þjónustu- og viðhorfskönnun 2011


Í febrúar 2011 var gerð þjónustu- og viðhorfskönnun sem send var út á póstlista stofnunarinnar. Sambærileg könnun hafði verið gerð árið 2009, svo unnt var að bera niðurstöðurnar saman og sjá hvort einhverjar breytingar hefðu orðið á viðhorfum til stofnunarinnar meðal viðskiptavina hennar. Svörin í könnuninni 2009 var allgóð, því alls bárust nærri 870 svör, en í könnuninni 2011 voru svörin því miður nærri 45% færri. Engu að síður fengust mikilvægar upplýsingar með þessum könnunum.

Þegar spurt var um hvort Námsgagnastofnun ræki vel það hlutverk sitt að sjá grunnskólum fyrir námsefni, sögðust 88–89% svarenda vera frekar eða mjög sammála því að stofnunin gerði það. Einungis 7% voru þeirra skoðunar að stofnunin ræki það hlutverk slæga eða illa.


95–96% svarenda voru frekar sammála eða mjög sammála því að stofnunin gefi út vandað námsefni og 84–85% töldu stofnunina gefa út fjölbreytt námsefni.

Þegar spurt var sérstaklega um hvort stofnunin gefi út fjölbreytt og vandað vefefni reyndust 88% svarenda 2009 frekar eða mjög sammála því að svo væri, en hlutfallið hafði lækkað í 81% í könnuninni 2011.


Ekki verður annað sagt en að niðurstöður þessara kannanna hafi verið stofnuninni mjög hliðhollar og að með þeim hafi fengist vísbendingar um það sem telja verður á rétttri leið og eins um það sem má bæta úr. Væntanlega verður haldið áfram að gera slíkar kannanir í framtíðinni svo unnt verði að fylgjast með hvernig þjónustan mælist fyrir.




Erðu sammála eða ósammála því að Námsgagnastofnun ræki vel það hlutverk sitt að sjá grunnskólum fyrir námsefni?



Erðu sammála eða ósammála því að Námsgagnastofnun gefi út vandað námsefni?



Erðu sammála eða ósammála því að Námsgagnastofnun gefi út fjölbreytt námsefni?



Erðu sammála eða ósammála því að vefefni Námsgagnastofnunar sé fjölbreytt og vandað?

Í dagsins önn 2011



Vísubotn 2011.

Eyþór Alexander Hallsson, nemi í 5. bekk í Litlulaugaskóla í Reykjadal, hlaut verðlaun fyrir að botna bestu vísuna á miðstigi.

*Vinur minn á völlinn fór,
varð þar mikið spark.*

**Hátt í loftið hentist skór,
hitti beint í mark.**

Vefsíðan Í dagsins önn var opnuð árið 2004. Þar er birt umfjöllun um fjölbreytt málefni sem eru efst á baugi hverju sinni og gætu vakið áhuga grunnskólakennara og nemenda þeirra. Á árinu 2011 var einblínt á að efla enn frekar tengsl við grunnskólanna, nokkrir skólar voru heimsóttir og gerð var grein fyrir áhuga-verðum verkefnum og viðburðum. Í tilefni af degi íslenskrar tungu var efnt til vísnaþingar meðal grunnskólanema, *Vísubotn 2011*. Ragnar Ingi Aðalsteinsson samdi fyrriparta fyrir yngsta stig, mið- og unglingastig og nemendur spreyttu sig á að botna og senda til okkar. Þátttakan kom skemmtilega á óvart, en alls bárust 500 botnar frá samtals 26 skólum. Frá yngsta stigi bárust 136 botnar, frá miðstigi 312 botnar og frá unglingastigi 52 botnar. Einnig bárust okkur skemmtilegar teikningar í tengslum við kveðskapinn. Einn nemandi á hverju stigi fékk bókaverðlaun og viðurkenningarskjál fyrir besta vísuþotninn. Stefnit er að því að gera keppnina að árlegum viðburði og auka um leið samstarf okkar við grunnskólana.

Helstu málefni og viðburðir sem fjallað var um á árinu

Greint var frá viðburðum í nokkrum grunnskólum, t.d. var sagt frá Afríkuverkefnum í Valhúsaskóla á Sel-tjarnarnesi og Snælandsskóla í Kópavogi. Nemendum í 8. bekk Vatnsendaskóla var fylgt eftir í heimsókn í Þjóðmenningarhúsið, þar sem þeir skoðuðu sýningu um Jón Sigurðsson og eins var farið í heimsókn í Salaskóla í Kópavogi og gerð grein fyrir svokölluðum Fjöl-greindaleikum sem þar voru haldnir.

Teknir voru saman helstu viðburðir og merkisdagar í hverjum mánuði og bent á námsefni eða verkefni sem kennarar gætu nýtt sér við hvert tilefni. T.d. var vakin athygli á alþjóðlegu ári skóga, degi stærðfræðinnar, 112-deginum, alþjóðlega netöryggisdeginum, degi Sameinuðu þjóðanna, norræna loftslagsdeginum og evrópska tungumáladeginum. Í tilefni af degi íslenskrar náttúru, sem haldinn var hátíðlegur í fyrsta sinn á árinu, var útbúinn safnvefur í samvinnu

Tógó-verkefni í Valhúsaskóla.

*Selma Þóra Jóhannsdóttir
og Thelma Kristín Stefánsdóttir
með fötin sem þær saumuðu fyrir
börn á munaðarleysingjaheimili
í Tógó í Afríku.*



við Landvernd með ýmsum fróðleik og skemmtilegum verkefnum eftir Sigrúnu Helgadóttur, Kristjönu Skúladóttur og Þóru Vikingsdóttur. Þá var bætt við efni á safnvefinn dagur íslenskrar tungu þar sem Harpa Jónsdóttir útbjó fjölbreytt verkefni við ljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur.

Í tilefni af fyrsta fundi nýskipaðs stjórnlagaráðs í apríl var Lóa Steinunn Kristjánsdóttir fengin til að skrifa grein um tilurð ráðsins og hlutverk þess ásamt því að gera grein fyrir stjórnarskránni og því sem gerðist á þjóðfundinum 1851.

Náttúruöflin létu til sín taka sem endranær, skrifuð var grein um jarðskjálfta í Japan í mars og gos í Grímsvötnum í maí.

Þegar vorið lét á sér kræla var Sesselja Traustadóttir fengin til að skrifa pistil um hjólréiðar og ýmis öryggisatriði er að þeim lúta og eftir að ljóst var að Aser-

baídsjan hafði unnið Evróvisjón söngvakeppnina var skrifuð grein um staðsetningu landsins og helstu einkenni.

Að venju var jólavefurinn birtur í desember og jóladagatal þar sem nemendur gátu stýtt sér stundir með prautum á hverjum virkum skóladegi í jólamánuðinum. Fjallað var um ýmislegt fleira á vefsíðunni Í dagsins önn árið 2011 en hér verður látið staðar numið.

Kynningarstarf



Á haustþingum verður oft að nýta hvern kima til sýningarhalds. Stigapallar koma sér vel.

Lífið gekk sinn vanagang á árinu nema hvað óvenju hár toppur var í ágústmánuði í útgáfu á nýju náms-efni, sem að stórum hluta var grunnefni. Í þeim mánuði einum komu út 45 nýir titlar hjá Námsgagna- stofnun. Alls voru tíu dreifibréf gefin út á árinu sem flestöll voru send út rafrænt. Dreifibréf sem kom út í ágúst var prentað og var því dreift á haustþingum og öðrum kynningum, enda var þar yfirlit yfir útgáfuefni síðastliðins árs, frá hausti til hausts. Átta náms- greinabæklingar voru gefnir út, þar af voru tveir með samantekt um samfélagsgreinar og náttúrufræði sem ekki hafa komið út áður. Sex bæklingar voru uppfærðir.

Nokkrar rafrænar kannanir voru sendar út á hluta af póstlista kennara og skóla um námsefni og notkun þess. Þá var stofnunin með í nokkrum sýningum, m.a. á þingi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem haldið var á Grand hóteli. Á öskudaginn var sýning á nýju námsefni á Hilton hóteli, á fjölmennri ráð- stefnu á vegum Menntasviðs Reykjavíkur. Þriggja daga sýning var í Vetrargarði Smáralindar á Expó 2011 þar sem var sýning og kynningar á rafrænu efni frá ýmsum fyrirtækjum. Samstarf við Bókasafn Mennta- vísindasviðs Háskóla Íslands hélt áfram á þessu ári. Á bókasafninu var efnt til þriggja námsefnissýninga á árinu og stóð hver sýning yfir í viku til hálfan mánuð.

Í ágúst var árleg sýning á öllu efni stofnunarinnar haldin í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Til- gangurinn með sýningunni er að kynna fyrir kennurum og öðrum áhugasömum allt námsefni, bæði eldra efni og nýtt, sem þeim stendur til boða hjá Námsgagnastofnun. Auk Námsgagnastofnunar tóku rúmlega þrjátíu aðrir útgefendur námsefnis og námsgagna þátt í sýningunni og kynntu efni sitt. Það má í raun segja að þarna hafi verið saman komið allt það nýjasta sem kennurum býðst á einum stað, á stærstu og fjölmennustu sýningu sem stofnunin hefur haldið hingað til. Hús Menntavísinda- sviðs var troðfullt af áhugasömu fólki allan daginn og mikil stemning í góðu veðri. Almennt var mikil ánægja með sýninguna og kom fólk víðs vegar að af landinu til okkar þennan dag. Námsgagnastofnun hélt alls átján fræðslufundi fyrir kennara, sem flestir tengdust nýju námsefni. Aðrir námsefnisútgefendur, ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu, héldu samtals 22 fræðslufundi á sínum vegum. Allir fyrirlestrar, bæði á vegum stofnunarinnar og annarra, voru vel sóttir. Við þökkum starfsmönnum Menntavísindasviðs kærlega fyrir aðstöðuna og starfsfólki sviðsins fyrir aðstoð og samstarf þennan dag.

Á árinu kom hópur nemenda frá kennaradeild Há- skólans á Akureyri og kynnti sér starfsemi stofnunar-

innar og nýjar útgáfur. Á vormánuðum komu síðan kennarar úr öllum skólum í Breiðholti í heimsókn í fimm blönduðum hópum. Hver hópur fékk sérstaka kynningu á vef stofnunarinnar, auk þess sem farið var yfir efni og áherslur í einhverri tiltekinni námsgrein.

Námsgagnastofnun tók þátt í árlegum haustþingum kennara vítt og breitt um landið eins og undanfarin ár. Einn ritstjóri fór með sýningu í Hafralækjarskóla í ágúst. Í byrjun september var haustþing á Vestfjörðum, þann 16. á Austfjörðum og þann 30. á Akureyri og Siglufirði. Í byrjun október voru síðan haustþing á Suðurlandi og Vesturlandi. Sýning á námsefni frá stofnuninni er einnig uppi allan ársins hring í bókasafni Menntavísindasviðs HÍ en starfsfólk safnsins sér um þá sýningu.

Vefur Námsgagnastofnunar

Sífelld fjölgar þeim sem nota vefinn www.nams.is. Innlit á vefinn voru 723.709 árið 2011 sem er aukning um ríflega 50.000 innlit frá árinu 2010. Notendum fjölgaði lítið á milli ára en þeir sem nota vefinn virðast nota hann mun meira en áður. Tíu vinsælustu gagnvirku vefirnir árið 2011 voru: *Fingrafimi*, *Samhljóðar í himingeimnum*, *Leikur að íslenskum orðum*, *Lestur er leikur*, *Fingrafimi 2*, *Play with English*, *Almenn brot*, *Fuglavefurinn*, *Klukkan* og *Leikur að orðum*.

Níu af þessum tíu vefjum eru á *Krakkasiðum* en aðeins tveir á *Unglingasiðum*, en nokkrir vefir skarast þarna á milli. Þetta sést vel þegar skoðaðar eru flettingar á þessum tveimur safnsíðum árið 2011. *Unglingasiður* voru með 176.000 flettingar á móti 914.000 flettingum á *Krakkasiðum*.

Póstlistinn

Póstlistinn er það samskiptatæki sem er mest notað til þess að hafa samband við kennara og aðra áhugamenn um starfsemi stofnunarinnar. Á póstlista voru um síðustu áramót 3265 netföng. Þetta er fækkun frá fyrra ári vegna þess að skipt var út netföngum hjá Reykjavíkurskólunum og ný netföng hafa ekki skilað sér inn, en öllum gömlum netföngum, sem ekki voru lengur í notkun, var eytt af listanum. Allt áhugafólk um námsefni ætti að skrá sig á póstlistann, sem er okkar besta tæki til að ná til viðskiptavina stofnunarinnar.

Auglýsingar

Námsgagnastofnun auglýsti reglulega í fagtímaritum kennara og sérblöðum, auk almennra dagblaða. Ritfréttir hafa birst á árinu í *Skólavörðunni* og *Skímu* þar sem nýtt efni var kynnt. Einnig var birtur auglýsinga-



Áhugasamir kennarar á kynningu á námsefni í íslensku á árlegri samkomu í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð.

borði á nýrri heimasíðu móðurmálskennara. Auglýsingar birtust einnig í dagblöðum og þá aðallega í tengslum við sýninguna í ágúst.

Erlent samstarf

IGEP 2011 í Osló

Árleg ráðstefna IGEP samtakanna (International Group of Educational Publishers) var haldin í Osló dagana 1.–4. júní. Ingibjörg Ágeirsdóttir forstjóri og Sigrún Sóley Jökulsdóttir ritstjóri sóttu ráðstefnuna. Erindin á ráðstefnunni fjölluðu um stjórnun, markaðsmál, mál sem flokkast undir almenna útgáfustarfsemi, breytingar í starfseminni og loks voru kynnt ný og

athyglisverð verkefni sem forlögin vinna að. Ráðstefnan var afar vel skipulögð og áhugaverð. Þátttakendur voru ritstjórar, stjórnendur, markaðs- og sölu-fólk og fólk sem starfar eingöngu við gerð orðabóka. Tímastjórnun var sérstaklega góð á ráðstefnunni og fékk margar jákvæðar athugasemdir frá hópnun. Ákveðið var að næsta ráðstefna yrði haldin í Portúgal í júní 2012.

Norræn skólabókaráðstefna 2011

Norræna skólabókaráðstefnan, sem haldin er annað hvert ár, var að þessu sinni haldin í Noregi. Ráðstefnan fór fram um borð í einu af skipum Hurtigruten, Ms Trollfjord, sem lagði upp frá Þrándheimi á hádegi fimmtudaginn 8. september, og henni lauk við komuna til Tromsø síðdegis, laugardaginn 10. september. Ráðstefnuna sóttu Tryggvi Jakobsson útgáfustjóri, sem var fulltrúi Félags íslenskra bókaútgefenda, og Ellen Klara Eyjólfsdóttir kynningarstjóri. Ráðstefnan hófst með erindi Kristin Clemet, fyrrum ráðherra, um norræna skólapólitík, en síðan var að venju farið yfir stöðu námsefnisgerðar og útgáfu í einstökum löndum.

Jens Bammel framkvæmdastjóri IPA (International Publishers Association) flutti áhugavert erindi um þróun stafrænnar námsefnisútgáfu og hver staða hennar er í samanburði við almenna námsefnisútgáfu. Fjallaði hann m.a. um höfundarrétt og lagði áherslu á nauðsyn þess að taka á málum á alþjóðlegum grunni.



Ekki væsti um ráðstefnugesti og aðra farþega um borð í Ms Trollfjord, þó komið væri norður fyrir heimskautsbaug.

Dagskráin var að öllu leyti mjög áhugaverð og aðstaða um borð frábær. Norræna skólabókaráðstefnan verður næst haldin á Íslandi í ágúst 2013.

Bókamessan í Frankfurt 2011

Að jafnaði hafa fulltrúar Námsgagnastofnunar farið á bókamessuna í Frankfurt annað hvert ár síðustu áratugin. Bókasýningin fer fram í október ár hvert og hvergi gefst betra tækifæri til að hitta samstarfsfólk frá öðrum löndum en einmitt þar, jafnvel Færeyingar eru í nánd á næsta bás við Ísland. Að þessu sinni var Ísland í heiðursæti í Frankfurt og því óvenju mikið við haft. Sérstakur sýningar-skáli um Ísland vakti verðskuldaða athygli og ótrúlegur árangur náðist við kynningu á íslenskum bókmenntum. Auk Ingibjargar Ágeirsdóttur fóru að þessu sinni þau Hafdís Finnbogadóttir, Sýlvía Guðmundsdóttir og Tryggvi Jakobsson á sýninguna.



Sameiginlegur sýningarbás íslenskra bókaútgefenda í Frankfurt.

Starfsmannahald



Sylvía Guðmundsdóttir var tilnefnd til Hagþenkisverðlauna fyrir starf sitt að gerð og útgáfu lestrarkennsluefnis fyrir yngstu kynslóðina, einkum efnisins Lestrarlandið. Hér er hún í góðum hópi annarra sem tilnefndir voru.

Á árinu 2011 urðu þær breytingar helstar í starfsmannahaldi Námsgagnastofnunar að tveir starfsmenn létu af störfum vegna aldurs, en það voru þeir Ásgeir Gunnarsson og Bogi Indriðason. Ásgeir hóf störf hjá Námsgagnastofnun á miðju ári 1984 og starfaði fyrstu árin sem prenttæknir en seinni hluta starfstímans sem afgreiðslumaður á lager. Bogi hóf störf hjá Ríkisútgáfu námsbóka árið 1971 og vann síðan áfram hjá Námsgagnastofnun eftir að hún var sett á laggirnar árið 1980. Bogi vann alla tíð við námsefnisgerð og lengst af sem framleiðslustjóri. Jón Pálmi Davíðsson afgreiðslumaður lét einnig endanlega af störfum vegna veikinda, en hann hafði unnið hjá Námsgagnastofnun sem afgreiðslumaður síðan á miðju ári 1985. Þessum mönnum eru þökkúð farsæl störf og óskað velfarnaðar. Í stað Ásgeirs Gunnarssonar var Gunnar Ingi Jakobsson ráðinn til afgreiðslustarfa og einnig var Rúnar Örn Eiríksson fastráðinn sem afgreiðslumaður.



Sylvía Guðmundsdóttir, Tryggvi Jakobsson, Hafdís Finnbogadóttir og Þórhildur Sverrisdóttir að lokinni hressandi gönguferð í Heiðmörk vorið 2011

Sylvía Guðmundsdóttir, ritstjóri í íslensku á yngsta stigi og í sérkennslu, hóf töku lífeyris í tengslum við 95 ára regluna en verður áfram í 50% starfi sem ritstjóri. Er þetta í samræmi við þá stefnu Námsgagnastofnunar að gefa fólki kost á breyttu starfshlutfalli þegar sigur á seinni hluta starfsævinnar.

Ársreikningur fyrir árið 2011

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

		Eignir	Skuldir og eigið fé
Veltufjármunir / skammtímaskuldir	kr.	179.881.475	kr. 16.112.345
Langtímakröfur / áhættufjármunir	kr.	0	
Langtímaskuldir			kr. 0
Höfuðstóll			kr. 163.769.130
	kr.	179.881.475	kr. 179.881.475

Rekstrarreikningur fyrir árið 2011

Dagvinna	kr.	117.732.073
Aukagreiðslur	kr.	2.922.007
Yfirvinna	kr.	1.272.301
Launatengd gjöld	kr.	29.783.262
Launakostnaður	kr.	151.709.643
Fundir, námskeið og risna	kr.	819.509
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	kr.	307.390
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	kr.	2.213.202
Akstur	kr.	1.164.206
Ferðakostnaður	kr.	4.504.307
Tímarit blöð og bækur	kr.	7.895.511
Skrifstofuvörur og áhöld	kr.	22.358.486
Aðrar vörur	kr.	3.385.844
Rekstrarvörur	kr.	33.639.841
Önnur sérfræðiþjónusta	kr.	83.526.910
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	kr.	4.136.174
Prentun, póstur, auglýsingar og flutningar	kr.	88.400.344
Sími og ýmis leigugjöld	kr.	4.670.990
Aðkeypt þjónusta	kr.	180.734.418
Verkkaup og byggingavörur	kr.	362.029
Rafmagn og heitt vatn	kr.	1.166.655
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	kr.	42.527.218
Húsnæðiskostnaður	kr.	44.055.902
Vextir, bætur og skattar	kr.	18.912.285
Eignakaup	kr.	2.583.100
Birgðabreytingar	kr.	12.585.103
Ýmislegt	kr.	34.080.488
Gjöld samtals	kr.	448.724.599
Sértekjur	kr.	20.618.131
Gjöld umfram tekjur	kr.	428.106.468

